

# Fjölliðamót

Baráttunni við COVID-19 er ekki lokið og mikilvægt er að sofna ekki á verðinum þó svo að bólusetningum miði vel áfram.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og sóttvarnaryfirvöld minna alla þá sem standa að íþróttaviðburðum í sumar á mikilvægi þess að fylgja gildandi sóttvarnareglum hverju sinni og að skipuleggja viðburði með tilliti til þeirra. Nýjustu reglur um sóttvarnir í íþróttum má nálgast á [www.isi.is](http://www.isi.is). Mikilvægt er að framkvæmdaaðilar kynni sér vel þá reglugerð sem í gildi eru hverju sinni um takmarkanir á samkomum vegna farsóttar.

Mikilvægt er að muna að börn geta líka veikst af COVID-19 og smitað aðra. Nú þegar mikið af stórum íþróttaviðburðum eru framundan, þar sem fjöldi barna kemur saman, er vert að minna mótshaldara á þá ábyrgð sem fylgir því að halda fjölmenna viðburði en mótshaldari ber ábyrgð á því að sóttvarnareglum sé framfylgt á mótinu.

Einnig er mikilvægt að viðburðarhaldari komi upplýsingum um COVID-19 reglur mótsins til keppenda og aðstandenda fyrirfram og birti einnig opinberlega á heimasíðum. Þátttakendur þurfa að virða sóttvarnareglur og aðrar þær reglur sem settar eru vegna mótsins.

Mikilvægt er fyrir alla að muna að ekki skal mæta á viðburð ef viðkomandi er með einhver einkenni COVID-19.

## Ábendingar til framkvæmdaraðila fjölmennra íþróttamóta/gistimóta

### Keppnin sjálf:

- Mikilvægt er að fylgja gildandi sóttvarnareglum í hvívetna.
- Mikilvægt er að hólfaskipting, hvort sem er hjá þátttakendum í mótinu eða áhorfendum sé samkvæmt leiðbeiningum um rými frá embætti landlæknis. Þar segir m.a. að:
  - Rými þurfa að vera aðskilin með a.m.k. 2 metra háu skilrúmi eða 2 metra bili sem ekki er hægt að fara yfir
  - Auðvelt aðgengi þarf að vera að handþvottaaðstöðu og/eða handspritti í hverju rými
  - Salerni þurfa að vera aðskilin fyrir hvert rými
  - Engin blöndun má vera á milli rýma
- Ein leið til þess að hindra það að blöndun verði á milli rýma er að skilgreina rýmin með ákveðnum litum og jafnvel hafa lituð armbönd eða annað slíkt sem aðgreinir þátttakendur.
- Þegar áhorfendur eru leyfðir á viðburðum þarf að fylgja þeim kröfum sem eru í gildi hverju sinni. Þar sem ekki er hægt að uppfylla þær kröfur gilda almennar fjöldatakmarkanir í hverju áhorfendarými (nú 50 manns).
- Starfsmenn og sjálfbóðaliðar sinni eingöngu því rými (sótthólfi) sem þeim er ætlað og mega því ekki sinna fleiri einu rými.
- Til að geta framfylgt sóttvarnareglum er mælt með því að fá eingöngu fullorðna sjálfbóðaliða til starfa.

### Aðgengi að svæðum:

- Mikilvægt er að huga að góðu aðgengi að öllum svæðum, hvort sem um ræðir áhorfendasvæðum, keppnissvæðum eða öðrum svæðum í kringum mótssstað.
- Forðast skal hópamyndun utan svæða sem innan og því er mikilvægt að aðgengi sé gott og að það sé vel skipulagt hvenær þátttakendur mega mæta á mótssstað hvort heldur er keppnissvæði eða önnur skipulögð svæði tengd viðburðinum.

- Þegar búið er að skipuleggja viðburðinn með tilliti til rýma (sótthólfa) skal teikna upp svæðin til skýringar og birta opinberlega t.d. á heimasíðu viðburðar.

### **Setningarhátíðir, lokahóf, kvöldvökur, verðlaunaafhendingar, sundferðir o.fl.:**

- Mikilvægt er að forðast óþarfa hópamyndanir, hvort sem er á mótsstað eða annars staðar.
- Setningarhátíðir, lokahóf og verðlaunaafhendingar eru flóknar í framkvæmd á tímum COVID, þar sem engin blöndun má vera á milli sótthólfa.
  - Viðburðarhaldari skal vera viðbúinn því að mögulega þarf að fella niður til að mynda setningarhátíð, verðlaunaafhendingar og lokahóf ef viðkomandi telur sig ekki geta framfylgt gildandi sóttvarnareglum.
- Ef mótsgjafir, viðurkenningar eða annar varningur er í boði þá þarf að skipuleggja vel afhendingu á þeim til að forðast hópamyndanir. Þá þarf að huga að því að sá/sú sem nær í varninginn geri það einungis fyrir sinn hóp.

### **Gisting:**

- Þau lið sem eru í sama rými (sótthólfi) á mótinu sjálfu skulu vera í sama rými í gistiþlássunum. Blöndun milli hópa er óheimil og gildir það í gistirýmum, salernisaðstöðu og annarri sameiginlegri aðstöðu.
- Takmarka skal þann fjölda fullorðinna sem fylgir hverju liði og skulu sömu sjálfboðaliðar sjá um liðið/hóp alla helgina.
- Gæta skal vel að öllum sóttvörnum og sótthreinsun í skólunum/á gististöðunum.
- Sótthreinsa skal alla snertifleti reglulega og gott aðgengi þarf að vera að handspritti.
- Ef ekki er hægt að framfylgja gildandi sóttvarnareglum á ekki að bjóða upp á gistingu.

### **Matur og veitingasala:**

- Mælt er með að fulltrúi frá hverjum hóp sækji mat fyrir hópinn sem viðkomandi getur dreift á iðkendur og forðast þannig hópamyndanir í matsölum.
- Gæta skal vel að því að hafa gott aðgengi að ruslatunnum og endurvinnslu þar sem það á við, svo matarpakkningar endi ekki í náttúrunni.
- Ef borðað er í matsal skal passa vel uppá hólífaskiptingu og réttar tímasetningar hvers hóps. Einnig er mikilvægt að rýmið sé vel loftræst og að það sé sótthreinsað milli hópa.
- Ef veitingasala fer fram þarf að forðast hópamyndun við veitingasöluna og huga að góðu aðgengi að handspritti.

### **Ábendingar til foreldra og forráðarmanna**

- Ekki er mælt með því að fleiri en einn forráðamaður mæti með hverju barni, til að forðast óþarfa hópamyndanir.
- Ekki skal mæta á viðburð ef viðkomandi er með einhver einkenni COVID-19.
- Forráðarmenn og aðrir fylgdarmenn eru beðnir um að virða þær reglur um sóttvarnir sem gilda á mótinu, sem eiga að vera skv. gildandi sóttvarnareglum.
- Gæta skal vel að persónubundnum sóttvörnum og mikilvægt er að virða fjarlægðarmörk við alla ótengda aðila.